



Hvernig get ég stuðlað að betri málþroska með barninu mínu?

Greinargerð með bækling um málþroska leikskólabarna

Guðrún María Guðbjörnsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs

Deild menntunar og margbreytileika



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Hvernig get ég stuðlað að betri málþroska með barninu mínu?

Guðrún María Guðbjörnsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í uppeldis- og menntunarfræði

Leiðbeinandi: Anna Guðrún Edvardsdóttir

Deild menntunar og margbreytileika

Háskóla Íslands

Maí 2019

Hvernig get ég stuðlað að betri málþroska með barninu mínu?

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs
í uppeldis- og menntunarfræði,
Deild menntunar og margbreytileika Háskóla Íslands

© Guðrún María Guðbjörnsdóttir 2019

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Verkefni þetta var unnið til B.A. prófs við Uppeldis- og menntunarfræðideild Háskóla Íslands. Skýrslan er fræðileg greinargerð með bæklingi sem er hannaður til þess að gefa foreldrum barna sem greinast með málþroskaröskun betri upplýsingar um hvað sé í boði og hvað sé hægt að gera til þess að auka málþroska barna sinna. Bæklingurinn er hugsaður fyrir foreldra barna á leikskólaaldri til þess að skoða það fjölbreytta efni sem gefið hefur verið út af fagaðilum með það í huga að bæta málþroska og auka málörvun barna. Efnið er skemmtilegt og spennandi og vil ég sýna fram á hvað foreldrar geta gert margt sjálfir til að vinna með málörvun barna sinna. Í greinargerðinni verður komið inn á mikilvægi þess að grípa inn í strax ef upp koma áhyggjur um málvanda, einnig verður komið inn á hvað snemmtæk íhlutun er nauðsynleg og að málþroskaröskun leynist víða. Bæklingurinn sýnir fram á að hægt er að vinna með og draga úr frekari vanda með snemmtækri íhlutun og varpar einnig ljósi á það hvaða úrræði eru í boði fyrir börn sem búsett eru á landsbyggðinni en markhópurinn eru foreldrar sem búa á landsbygginni þar sem ekki eru til staðar sérfræðingar á þessu sviði eins og talmeinafræðingur.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Formáli	6
1 Inngangur	7
2 Fræðilegt samhengi	9
2.1 Málþroski.....	9
2.2 Málþroskaröskun	9
2.3 Snemmtæk íhlutun.....	10
2.4 Foreldrar og snemmtæk íhlutun	11
3 Úrræði	13
3.1 Úrræði fyrir landsbyggðina	14
3.2 Trappan.....	15
4 Námsefni – Hvað er í boði?	16
4.1 TMT – Tákn með tali.....	16
4.2 Lubbi	16
4.3 Leikum og lærum með hljóðin	17
4.4 Orðagull	17
5 Lokaorð	18
Heimildaskrá	20

Formáli

Val mitt á þessu efni varð til eftir að hafa farið í vettvangsnám til talmeinafræðings. Þar sá ég hvað málþroski barna er ólíkur og mikilvægt er að vinna að betri málþroska. Ákvað ég því að gera bækling sem hugsaður er til að opna augu foreldra um hvað hægt sé að gera með barninu og stuðla að betri málþroska. Ég vil þakka fjölskyldu minni og vinkonum fyrir stuðninginn í gegnum BA-námið við yfirlestur og leiðbeiningar við gerð greinargerðar og bæklings. Þakka þeim fyrir þolinmæðina og viljann til að aðstoða mig. Einnig vil ég þakka leiðbeinandanum mínum Önnu Guðrúnu Edvardsdóttir fyrir góða leiðsögn í gegnum skrifin.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, 11. maí 2019

Guðrún María Guðbjörnsdóttir

1 Inngangur

Málþroski barna er í flestum tilfellum eðlilegur og læra börn tungumálið í gegnum umhverfið sitt. Þó eru dæmi um að máltaka gangi hægt og illa fyrir sig. Þegar talað er um málþroskaröskun er það þegar börn læra ekki tungumál á eðlilegan hátt í gegnum samskipti eða leik. Mikilvægt er að fylgjast með og ef grunur vaknar um málþroskaröskun er nauðsynlegt að grípa strax inn og veita þeim börnum aðstoð sem hana þurfa. Í greinargerðinni verður munurinn á úrræðum fyrir börn sem greinast með málþroskaröskun á leikskólaaldri annars vegar á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar í Vestmannaeyjum skoðaður (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2015). Málþroski barna skiptir miklu máli þegar litið er til félags- og vitsmunapróska þeirra. Erlendar rannsóknir benda á hraða þróun í þessum efnum, þó er einstaklingsmunur á málnotkun barna. Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á málþroska íslenskra barna og er staðreyndin sú að heildarmyndin er fátækleg og þörf er á frekari rannsóknum (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2015). Þörfin á talmeinafræðingum er alltaf að aukast og því þarf sú þjónusta að vera í lagi. Á höfuðborgarsvæðinu geta talmeinafræðingar frekar sérmenntað sig á ákveðnum sviðum til þess að auka þekkingu sína. Þeir talmeinafræðingar sem starfa á landsbyggðinni þurfa oft að búa yfir frekari þekkingu á ólíkum málvanda.

Ekki er greiður aðgangur á landsbyggðinni að faglegri aðstoð og því þarf að skoða hvernig er hægt að þjóna þessum börnum. Það er mikilvægt að grípa snemma inn í og geta með því komið í veg fyrir frekari málvanda hjá barninu. Ef grunur vaknar um að barnið þurfi frekari aðstoð er það leikskólinn sem sendir beiðni um greiningar. Þó eru ekki allir sem hafa aðgang að talmeinafræðingi í sínum heimabæ. Því vil ég benda foreldrum á hvað annað er í boði og hvert skuli leita. Ég ákvað því að útbúa bækling fyrir foreldra með upplýsingum um hvernig stuðla skuli að betri málþroska barna. Tilgangur bæklingins er að sýna fram á hvað er hægt að gera með barninu til að auka málþroska þess og hvaða úrræði eru í boði fyrir börn sem hafa ekki gott aðgengi að talmeinafræðingi. Einnig er þar horft á hvað er til af efni sem foreldrar geta nýtt sér heima fyrir með barninu. Rannsóknaspurningarnar sem leitast verður við að svara eru: „Hvaða úrræði eru í boði fyrir börn sem greinast með málþroskaröskun á leikskólaaldri?“ og „Hvað geta foreldrar gert til þess að auka málþroska barna sinna?“. Spurningarnar verða aðeins rauður þráður í gegnum bæklinginn og notast verður við heimildir og efni sem er til staðar. Bæklingurinn á bæði að nýtast þeim foreldrum sem eiga barn sem greinist með málþroskaröskun og ekki eiga greiðan aðgang að talmeinafræðing og þeirra sem

eiga barn á leikskólaaldri og vilja efla málþroska þess. Þessi greinargerð sem fylgir bæklingnum setur hann í fræðilegt samhengi en um það fjallar annar kafli. Í þriðja kafla verður fjallað um þau úrræði sem eru í boði fyrir foreldra. Efni sem gefið hefur verið út til eflingar málþroska barna verður kynnt og í fjórða kafla verður tekið saman hvaða úrræði eru í boði og hvað foreldrar geta gert til þess að efla málþroska barna sinna.

2 Fræðilegt samhengi

2.1 Málþroski

Málþroski byrjar strax í frumbersku þar sem lögð er fyrir hæfni til þess að eiga samskipti. Á fyrstu árum barna fara þau fljótt að herma eftir hljóðum þar sem þau tengja við hljóð og hluti. Með tímanum ná þau að tengja saman og mynda orð þar sem þau geta tjáð þarfir sínar og langanir. Hægt er að hafa áhrif á börn með því að lesa fyrir þau, kenna þeim orð og hugtök og styðja þau áfram við lestur. Rannsóknir á málþroska barna styðja og staðfesta mikilvægi markvissrar og snemmtækrar íhlutunar hjá börnum sem eru með tal- og málþroskaröskun (Hrafnhildur Ragnarsdóttir o.fl.,2012).

Rannsókn sem gerð var um málþroska leikskólabarna, þróun orðaforða, hlustunar- skilnings og málfræði sýndi að frá fjögurra til fimm ára aldurs er margt að gerast þar sem börn eru að þróa málþroska sinn en alltaf er talað um einstaklingsmun. Margir þættir geta spilað inn í, svo sem fjölskylduaðstæður, efnahagur foreldra og lengd leikskóladags. Mælingar á málþroska leiddi í ljós að það má spá um málþroskaerfiðleika barna strax á leikskólaaldri og því er hægt að grípa inn í strax og áður en börn fara í grunnskóla (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2015). Foreldrar þurfa að vera vakandi og meðvitaðir um mikilvægi þess að skoða þær vísbendingar um að lestrarerfiðleikar geti verið til staðar ef seinkun er á orðaforða leikþroska barna. Það skiptir máli að vinna í þeim markvisst og þekkja aðra þætti sem geta aðstoðað barnið við lestur, eins og málskilning, þekkingu á bókstöfum/hljóði og lesfimi. Snemmtæk íhlutun kemur sterk inn og því fyrr sem málþroskafrávik eru greind og skilgreind er hægt að draga úr eða koma í veg fyrir námserfiðleikum seinna meir (Ásthildur Bj. Snorradóttir, e.d.).

2.2 Málþroskaröskun

Hugtakið málþroskaröskun skiptist í tvennt, annars vegar almenna og svo sértæka málþroskaröskun. Almenn málþroskaröskun er þegar tal og málerfiðleikar eru orsök annarra líffræðilegra raskana eins og til dæmis einhverfu og Downs- heilkennis. Ef ekkert annað veldur talanda er það kallað sértæk málþroskaröskun. Einstaklingar sem þurfa aðstoð vegna sértækrar málþroskaröskunar þurfa oft á tíðum aðeins að vera í skamman tíma hjá talmeinafræðingi (Paul og Norbury, 2012). Til eru margir sérfræðingar sem hægt er að leita til. Þar á meðal eru talmeinafræðingar sem sérhæfa sig í því að hjálpa börnum og fullorðnum að ná tökum á málþroska.

Fjöldi fagaðila starfa í leikskólum, skólum, á sjúkrahúsum, í greiningarteymum og sem sjálfstætt starfandi. Samstarf er oft á milli talmeinafræðinga og skóla eða annarra stofnanna. Fagið er í stöðugri þróun þar sem það eru tíðar breytingar sem og nýjar rannsóknir þar sem talmeinafræðingar leggja mikla áherslu á endurmenntun (Félag talmeinafræðinga á Íslandi, e.d.). Á Íslandi koma Sjúkratryggingar Íslands til móts við fjölskyldur barna með málproskaröskun. Þar er miðað við málproskatölu og ef barnið er með 80 eða undir í málproskatölu flokkast það sem málproskaröskun. Börn undir 18 ára aldri fá fría þjónustu talmeinafræðings ef málproska- eða framburðarvandi liggur fyrir miðað við viðmið sjúkratrygginga (Sjúkratryggingar Íslands, 2017). Allt fer það eftir einstaklingnum og rót vandans hve oft þarf að hitta talmeinafræðing. Þó er talað um að börn sem eru með almenna málproskaröskun þurfi að vera í stöðugri þjálfun í lengri tíma á meðan þau sem eru með sértæka málproskaröskun eru í skemmri tíma.

Í greinargerðinni verður skoðað efni sem Ásthildur Bj. Snorradóttir hefur gefið út og má þar nefna þróunarverkefni Ásthildar Bj. Snorradóttur sem fjallar um snemmtæka íhlutun með áherslu á læsi og málproska. Þar er leitast við að skilgreina og flokka málörvunarefni eftir viðeigandi málþáttum. Skimun/prófanir sem notast er við í leikskólum og metur málproska og undirbúning lesturs eru einnig skoðaðar (Ásthildur Bj. Snorradóttir, e.d.).

2.3 Snemmtæk íhlutun

Börn þroskast hratt og fyrstu átta árin er tímabilið sem þroski barna er hvað mestur. Mótunarárin hafa áhrif á vitsmuna-, líkams- og félagsþroska barna sem eflist mikið á þessum árum ævinnar. Börn þroskast þó á sínum hraða og er þroski einstaklingsbundinn fyrir hvert barn (Mattern, 2015). Fyrstu ár ævinnar er grunnur þeirrar þekkingar og þroska sem börn taka með sér í frekara nám. Foreldrar, leikskólakennarar og fagaðilar þurfa að vera vakandi fyrir og meðvituð um þann þroska sem á sér stað (Nutbrown, Clough og Atherton, 2013). Ef upp koma áhyggjur að börn séu ekki að þroskast rétt þarf að veita þeim aukna þjálfun og stuðning. Aðstoð eða inngrip sem er veitt börnum frá fæðingu til átta ára aldurs telst sem snemmtæk íhlutun. Það sem telst sem snemmtæk íhlutun er hverskyns ráðgjöf, meðferð og endurhæfing ásamt því að fá aðstoð í leik- og grunnskóla. Markmið snemmtækra íhlutunar er að koma í veg fyrir frávik í þroska hafi áhrif á líf barnsins (McWilliam, 2015 og Tryggvi Sigurðsson, 2008).

Leikskólastig er fyrsta stigið þar sem börn læra og þroskast meðal jafningja. Börn fara yfirleitt á leikskóla í kringum 18 mánaða aldur. Í dag er leikskóli mun meiri skóli en áður þar

sem lært er í gegnum leikinn. Þar eru börn í stöðugum samskiptum við hóp jafningja sem eru á sama stað og þau. Fyrir leikskólakennara eða leiðbeinanda er hægt að fylgjast með og ef grunur er um að barn er ekki að halda í við aðra er nauðsynlegt að grípa inn í. Starfsfólk þarf að vera meðvitað og styðja við jákvæða hegðun með snemmtækri íhlutun. Ef byrjað er snemma, og því fyrr því betra, eru meiri líkur á betri árangri. Ef ekkert er gert eru líkur á að vandinn verði flóknari og getur verið erfiðara að ná tökum á honum síðar meir (Wolcott og Williford, 2015).

Starfsfólk leikskóla ber þá ábyrgð að fylgjast með öllum börnunum og er því nauðsynlegt fyrir það að þekkja þau einkenni sem þarf að hafa í huga við greiningu á vandamálum sem þeim sem hér um ræðir. Þjálfun og endurmenntun getur skipt máli í því að grípa inn í á réttum tíma ef upp kemur grunur um vandamál sem barnið glímir við, eins og málþroskavandi eða einhverfa til dæmis. Rannsókn sem gerð var erlendis sýndi fram á að helsti veikleiki snemmtæktrar íhlutunar fyrir til dæmis einhverfu væri að skortur sé á þekkingu hjá starfsfólki leikskóla (Sigríður Lóa Jónsdóttir, 2014). Könnun sem gerð var á stöðu barna með málþroskafrávik á Íslandi sýndi að flest börn voru greind á leikskólaaldri. Niðurstöður leiddu í ljós að börn voru greind með framburðarfrávik og svo málþroska en einhverfa var álíka stór hluti. Það eru þó ekki í samræmi við þær niðurstöður sem komu úr erlendri rannsókn þar sem bent var á að málþroskaröskun væri vangreind hér á landi. Einnig að einhverfa hafi hugsanlega verið ofgreind (Hrafnhildur Ragnarsdóttir o.fl. ,2012).

Leikskólar leggja sig allan fram til þess að aðstoða börn sem hafa málþroskafrávik en þekkingin er ekki til staðar til að sjá um greiningar án aðstoðar fagaðila. Bæta þarf fræðslu fyrir starfsfólk í leikskólum og foreldra um málþroskafrávik og málörvun. Því þarf að stuðla að markvissri málörvun og snemmtækri íhlutun í leikskólum til að draga úr og jafnframt koma í veg fyrir langtíma áhrif. Með góðri samvinnu foreldra og fagaðila er hægt að gera betur varðandi málþroska íslenskra barna (Hrafnhildur Ragnarsdóttir o.fl. ,2012).

2.4 Foreldrar og snemmtæk íhlutun

Samvinna skóla og heimila er einnig nauðsynleg í snemmtækri íhlutun, þar sem barnið þarf stöðuga þjálfun. Sýnt hefur verið fram á, á síðari árum, mikilvægi þess að foreldrar taki þátt. Virkja þarf samvinnu milli fagfólks og heimila til að stuðla að betri árangri. Þegar samvinnan á að vera nán og góð við snemmtæka íhlutun verða foreldrar að vera til staðar en ekki bara

áhorfendur. Rannsóknir á snemmtærki íhlutun hafa sýnt fram á að tengsl eru á milli árangurs barna og þátttöku foreldra (Tryggvi Sigurðsson, 2008).

Foreldrar benda á í könnun sem gerð var árið 2012 um stöð barna með málþroskafrávik að betur þyrfti að halda utan um þjónustuna. Léleg og takmörkuð úrræði væru í boði þar sem bið væri eftir aðstoð. Flestir foreldrar sem tóku þátt í könnuninni töldu að barnið þeirra þyrfti á frekari aðstoð í máltöku að halda. Þeir voru ósáttir með að beðið væri með greiningar sem gerðar voru á leikskóla þar til barnið hafði dregist verulega aftur úr jafnöldrum í málþroska. Töldu foreldrar einnig að þjónustan ætti að vera veitt í leik- eða grunnskólum og að foreldrar ættu að fá leiðsögn og ráðgjöf til að halda þjálfun áfram heima fyrir (Hrafnhildur Ragnarsdóttir o.fl. ,2012).

3 Úrræði

Þegar grunur um vanda í máli eða tali vaknar hjá foreldrum, leikskóla eða heilsugæslu fer af stað ferli þar sem skiptir máli umfang og eðli vanda og aldur barnsins (Hrafnhildur Ragnarsdóttir o.fl., 2012). Leikskólar eru með greiningar- og skimunartæki, þar sem greina má hvort barnið þarf sérstaka aðstoð við málþroska. Ef börn eru ekki farin að mynda hljóð eða orð á ákveðnum aldri er farið að skoða það betur. Dæmi er um að börn fari með málþroskavanda upp í grunnskóla og því bendir Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur sem starfar hjá talþjálfun Reykjavíkur að snemmtæk íhlutun skipti miklu máli (Ásthildur Bj. Snorradóttir, e.d.). Börn þroskast á sínum hraða en þó eru sum börn sein að ganga og tala. Ef upp koma áhyggjur um að barnið sé seint í tali er betra að skoða það strax þar sem það getur hjálpað því seinna meir. Talað er um snemmtæka íhlutun þegar gripið er inn í ef upp koma efasemdir um að barnið sé að halda í við jafnaldra. Til er mikið af sérhæfðum einstaklingum sem eru færir um að greina og skima eftir hugsanlegum vanda í tali og þroska (American speech-language-hearing association, e.d.).

Áhyggjuefni er hve fáir starfandi talmeinafræðingar eru á opinberum stofnunum til að greina vanda barna sem vantar frekari stuðning við tal- og málþroska. Til að mynda er enginn talmeinafræðingur starfandi í greiningarteymi Reykjavíkurborgar. En það er á vegum þroska- og hegðunarstöð eða þjónustumiðstöð borgarinnar. Þá má benda á að frávík í málþroska er ástæða til að bæta þar sem hátt hlutfall greininga sem koma á borð þroska- og hegðunarstöð er vegna frávika í málþroska (Hrafnhildur Ragnarsdóttir o.fl., 2012). Eftir að greiningu líkur fer af stað þjálfun en þjónusta við börn með tal- og málþroskaraskanir eru ólíkar eftir aldri og búsetu barna. Talmeinafræðingar sem eru sjálfstætt starfandi bjóða upp á þjálfun (Hrafnhildur Ragnarsdóttir o.fl., 2012). Þó eru ekki allir staðir sem hafa talmeinafræðing í sínum heimabæ og fyrir marga getur verið langt að fara.

Skýrsla sem gerð var fyrir mennta- og menningarmálaráðneytið um stöðu og þjónustu barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun á Íslandi. Niðurstöður sýndu fram á að þörf væri á breytingum og betri þjónustu við foreldra og börn. Innan skólakerfisins þarf að bæta þá þjónustu sem börn fá með málþroskaröskun. Einnig þarf að bæta við talmeinafræðingum eða öðrum sérfræðingum inn á leik- og grunnskólana. Snemmtæk íhlutun hefur sýnt fram á betri niðurstöður en þá skiptir einnig máli að samvinna skóla og foreldra sé góð (Hrafnhildur Ragnarsdóttir o.fl., 2012).

3.1 Úrræði fyrir landsbyggðina

Börn sem greinast með tal- og málþroskaröskun er fjölbreyttur hópur og stór. Þar eru börn og ungmenni sem eru með væg frávik í málþroska eða framburði, einnig eru þar alvarlegri frávik sem þarf frekari íhlutunar allt upp í fullorðinsár. Hlutfall barna sem þurfa frekari aðstoð í lengri – skemmri tíma erlendis er um 10% grunnskólabarna og 15% leikskólabarna. Engar opinberar tölulegar upplýsingar eru til um börn sem greinast með tal- og málþroskaröskun hér á landi. Því er engin stofnun sem heldur um þann fjölda hóp barna sem hafa fengið greiningu á Íslandi (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Marta Gall Jörgensen og Þóra Sæunn Úlfisdóttir, 2012). Erfitt getur verið að halda utan um þennan hóp en þó þarf að vera til staður sem sýnir fram á hvar þörfin er í þessum efnum.

Ef grunur er um að barnið sé með tal- eða málvanda er það í höndum leik- eða grunnskólans að biðja um greiningu fyrir barnið. Foreldrar sem vilja fá talþjálfun fyrir börnin sín geta lent í vandræðum með greiðslur frá ríkinu og sveitafélögum til að koma á mótis við kostnað fyrir þjálfun (Hrafnhildur Ragnarsdóttir o.fl.,2012). Talmeinafræðingar eru bæði sjálfstætt starfandi en einnig eru starfandi talmeinafræðingar í skólum, leikskólum, sjúkrahúsum og endurhæfingarstöðvum svo eitthvað sé nefnt. Hlutverk talmeinafræðinganna er að sjá um greiningar á börnum og fullorðnum sem greind eru með stam, raddveilur, málþroskaröskun og tjáningarerfiðleika eftir heilablóðfall (Talmein, e.d). Til þess að fá greiningu ef grunur vaknar um málþroskafrávik ber leik- og grunnskólum að vísa til þeirra sérfræðiþjónustu sem er í sveitafélaginu. Ef talmeinafræðingur er starfandi hjá sveitafélaginu er það hann sem sér um greiningu og fræðslu til fagaðila og foreldra. Það er síðan í hlut skóla að sjá um snemmtæka íhlutun sem talmeinafræðingur stýrir. Þegar talmeinafræðingur er ekki til staðar hjá sveitafélaginu er það sálfræðingur sem á að meta þroska og tal- og málþroska barna (Hrafnhildur Ragnarsdóttir o.fl.,2012).

Sjúkratryggingar Íslands greiða fyrir börn sem þurfa á langtímameðferð að halda. Ef um frávik eða annan tal- eða málvanda er að ræða (Hrafnhildur Ragnarsdóttir o.fl.,2012). Á Íslandi búum við að því að vera með talmeinafræðinga á flestum stöðum landsins, þó eru ekki öll sveitafélög með starfandi talmeinafræðinga. Tímafrekt og dýrt getur verið að ferðast með barnið til þess að fá þá þjónustu sem barnið þarf. Þetta getur verið mikið tap fyrir fjölskyldur að þurfa leita langt til þess að komast í faglega þjálfun. Í Vestmannaeyjum er einn starfandi talmeinafræðingur en hún er með yfirumsjón yfir allar greiningar og þjálfun sem fer fram. Mikið er að gera hjá henni og hefur verið langur biðlisti, sem hún þó hefur getað sinnt. Hún

talar sjálf um að erfitt sé að sérmennta sig í ákveðinni greiningu eða fráviki sökum þess hve hópurinn er fjölbreyttur og hún ein (Tinna Tómasdóttir, munnleg heimild, 17.október 2018). Með tilkomu netsins og fjarskiptabúnaðs er hægt að bjóða upp á þjónustu í gegnum netið. Trappa er dæmi um byltingu í þessum efnum þar sem hægt er að leitast eftir faglegri aðstoð í gegnum netið óháð búsetu.

3.2 Trappan

Trappa er vefsíða þar sem er boðið upp á sérfræðiþjónustu en á Íslandi eiga börn og starfsfólk leik- og grunnskóla rétt á sérfræðiþjónustu fyrir framkvæmd skólastarfs samkvæmt aðalnámskrá. Boðið er upp á þjónustu í gegnum fjarskiptabúnað þar sem börnum og fullorðnum gefst kostur á að fá talþjálfun í gegnum netið. Kosturinn við Tröppu er að allir geta nýtt sér þjónustuna þar sem aðgengið að henni er gott. Möguleikar á að vera með aðgengi að talmeinafræðingi í gegnum netið óháð búsetu er mikilvægt úrræði. Einnig bíður Trappa upp á stuðning fyrir foreldra vegna barna sinna auk skóla, sveitarfélaga, einstaklinga og sérfræðinga sem þurfa handleiðslu. Þarna er kominn vettvangur sem foreldrar geta leitað til ef upp koma áhyggjur um málvanda barna sinna (Trappa, e.d.).

Hjá Tröppu starfar fjöldi fagfólks sem er til staðar og aðstoðar börn og foreldra. Þar starfa talmeinafræðingar, kennarar, ráðgjafar og náms- og starfsráðgjafar og þar er boðið upp á faglega ráðgjöf á mörgum sviðum (Trappa, e.d.).

4 Námsefni – Hvað er í boði?

Lestur er börnum nauðsynlegur og hefur verið sýnt fram á að börn sem lesið hefur verið fyrir sýna meiri þroska en þau sem ekki er lesið fyrir. Rannsóknir hafa sýnt fram á betri þroska og mikinn ávinning af því að lesið sé fyrir börn. Hefur það áhrif á málskilning, málþroska, hljóðkerfisvitund og almennan skilning hjá börnum. Mikið er til af góðum barnabókum sem auka ímyndunaraflið, stækka þeirra reynsluheim og sýna þeim hvernig heimurinn getur verið (Silja Aðalsteinsdóttir, 2005). Börn lifa sig inn í heim bóka og eru fljót að máta sig í hlutverk persóna í bókunum. Börn eru forvitin og eru opin fyrir nýrri þekkingu. Með þessu er verið að auka þroska barna og málþroska þeirra. Bækurnar eftir Ásthildi Bj. Snorradóttir talmeinafræðings eru góðar til að lesa með börnum. Bækurnar snúast um hegðun, málþroska og málörvun fyrir börn. Ásthildur hefur gefið úr þrjár bækur um dúkkuna Bínu.

Fyrsta bókin heitir *Bína bálreiða* og fjallar um stúlkuna Guðrúnu Svövu og dúkkuna hennar Bínu bálreiðu. Dúkkan á erfitt með að stjórna skapinu sínu og ruglast í ákveðnum aðstæðum þar sem hún veit ekki hvernig hún á að haga sér. Guðrún Svava kennir Bínu að sitja á stól, hlusta, bíða, gera til skiptis og að passa hendur. Við kennsluna notar hún dýr, fólk eins og ömmu og afa og annað skemmtilegt til þess að kenna rétta hegðun og nota ólík orð. Til dæmis passar Bína hendurnar sínar, björninn passar hrammana sína og fíllinn passar fætunar sínar. Þarna er verið að auka málþroska og efla orðaforða barna en einnig að kenna þeim betri hegðun. Í lok bókarinnar er Bína ekki lengur Bína bálreiða heldur Bína brosmilda (Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2006). Önnur bókin heitir *Bína fer í leikskóla* þar lærir Bína hvernig á að eignast vini, hvað leiktækin heita og hvernig á að biðja um aðstoð. Markmið bókarinnar er að þjálfva boðskiptafærni, styrkja hlustun og auka orðaforða (Ásthilur B. Snorradóttir, 2007). Þriðja bókin um dúkkuna heitir *Bína lærir orð, hljóð og stafir* þar sem Bína lærir stafina, rím og annað (Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2008).

Að setja orð á athafnir getur ýtt undir málþroska t.d. þegar foreldrar eru duglegir að spjalla við barnið, nota orð til þess að lýsa aðstæðum eða athöfnum, þá er stöðugt verið að vinna með málörvun. Söngur er einnig hluti af góðri leið til þess að bæta þessa hluti um leið og það er skemmtileg athöfn með barninu.

4.1 TMT – Tákn með tali

Vefurinn *Tákn með tali* eða TMT hefur að geyma efni sem getur aðstoðað börn með tjáningu. Tjáningarmátinn Tákn með tali er ekki aðeins hugsaður þeim börnum sem eru heyrnarskert

eða þurfa frekari aðstoð. Þau sem ekki geta tileinkað sér skilning í máli vegna fötlunar eða frávíka í þroska geta notað Tákni með tali til þess að gera sig skiljanleg. Táknin eru byggð á látbragði og svipbrigðum. Táknin eru einföld og talað er um náttúruleg tákni eins og að borða (Eyrún Ísfold Gísladóttir, 2002). Þá er notað látbragð með orðunum og leikið það að borða með einfaldri hreyfingu. Táknin eru alltaf notuð með talmáli, þar sem þessi aðferð er hugsuð sem stuðningur eða brú yfir í talað mál. Mikilvægt er að samvinna sé á milli skóla og heimilis ef barnið er að nota tákni með tali sem stuðning. Það að allir sem umgangast barnið tileinki sér tákni gerir barninu auðveldara að gera sig skiljanlegt (Björk Alfreðsdóttir og Sigrún Grendal, 2005).

Tákni með tali er notað á leikskólum þar sem börn eru fljót að læra einföld tákni og auka með því þroska. Ef barnið er með frávik í þroska eða upp kemur málvandi er mælt með að leita til talmeinafræðings og fá álit hvort hægt sé að nota tákni með tali til að styðja við betri málþroska hjá barninu (Eyrún Ísfold Gísladóttir, 2002). Hægt er að nota TMT á sem fjölbreyttastan hátt til dæmis með leikjum eða söng. Auðvelt er að tileinka sér að notast við tákni með tali þar sem tákni eru einföld og lýsa því sem er verið að segja.

4.2 Lubbi

Hljóðsmíðja Lubba er námsefni sem byggt er á doktorsrannsókn Þórunnar Másdóttur (2008) þar sem hún skoðaði hljóðþróun ungra barna. Efnið um fjárhundinn Lubba er hugsað fyrir börn á leikskólaaldri. Lögð er áhersla á máhljóð þar sem bókstafir birtast sem fulltrúar hljóðanna. Farið er yfir íslensk máhljóð og samhliða hverjum staf er vísa. Einnig fylgir bókinni geisladiskur sem hægt er að hlusta á. Þar er lagt upp með að tengja saman hljóð og stafi í vinnu með lestur. Efnið er fjölbreytt og auðvelt að læra (Lubbi, e.d.). Lubbi er vinsælt efni í leikskólum þar sem börn eru fljót að tileinka sér hljóð stafanna. Þórunn hefur rannsakað hljóðþróun ungra barna og gaf hún út rannsókn sem var sú fyrsta á Íslandi í þessum efnum. Einnig hefur hún gefið út Málþroskapróf PM sem talmeinafræðingar geta nýtt sér í greiningar.

4.3 Leikum og lærum með hljóðin

Námsefnið *Leikum og lærum með hljóðin* hefur verið mikið notað í leikskólum og skólum, en um er að ræða forrit sem er hentugt fyrir málörvun barna. Bryndís Guðmundsdóttir er höfundur námsefnisins og fékk hún tilnefningu til Hvatningaverðlauna Reykjanesbæjar árið 2015 fyrir það. Efnið er hugsað fyrir börn, foreldra og fagaðila til þess að læra betri og rétta hljóðmyndun einnig styrkja undirbúningsfærni fyrir lestur. Með þessu efni geta foreldrar og

aðrir fengið innsýn í hvernig hægt er að aðstoða barnið á einfaldan hátt að læra að mynda hljóð og orð. Málhljóðin eru kynnt til sögunnar og koma stafirnir fyrir í þeirri röð sem barnið tileinkar sér hljóðin. Eftir því sem lengra er komið í námsefnið eykst þyngdarstigið. Uppsetningin er skemmtileg og eru æfingar í bókum, spilum og myndbandsefni (Bryndís Guðmundsdóttir, e.d.). Efnið hentar því vel til þess að bæta málþroska og vinna með góða málhljóða.

4.4 Orðagull

Forritið *Orðagull* er framleitt af Rosamosa en efnið kom fyrst út á degi íslenskrar tungu árið 2016. Talmeinafræðingurinn Ásthildur Bj. Snorradóttir er höfundurinn en hún hefur meðal annars gefið út fleira efni til þess að auka málþroska barna. Markmið efnisins er að efla orðaforða og styrkja málskilning, lesskilning, heyrnina og vinnsluminni og máltjáningu barna (Sveinn Tryggvason, e.d.). Efnið er hannað fyrir leikskóla og grunnskólabörn en er í raun hentugt öllum þeim sem eiga í erfiðleikum með tal- eða málþroska. Orðagull er uppbyggt sem leikur og getur hver og einn notandi búið sér til persónu. Fyrir fagaðila eða foreldra er námsefnið gagnlegt og hentugt til þess að meta stöðu barnsins. Hægt er að leggja mat á svarhraða, hlusta á æfingar og skoða fjölda endurtekninga. Kostir forritsins er hvað efnið er einfalt og auðskilið, uppbyggilegt og markmið leiksins gagnleg. Hægt er að taka upp og hlusta á sjálfan sig og endurtaka. Forritið er aðgengilegt og ókeypis og því hafa allir möguleika á að sækja appið í gegnum síma eða spjaldtölvu (Sveinn Tryggvason, e.d.).

Orðagull er forrit sem er meðal annars í hópi forrita á vef Snjallskólans en það er síða sem safnar og miðlar upplýsingum til nemenda og kennara. Markmið síðunnar er að stuðla að því að nám í íslenskum skólum búi nemendur betur undir framtíðina (Sveinn Tryggvason, e.d.).

5 Lokaorð

Eins og sést hefur verið sýnt fram á mikilvægi snemmtækrar íhlutunar, þar sem skipt getur máli hvenær gripið sé inn í málvanda barna. Ef byrjað er um leið og upp koma áhyggjur um frávík í málþroska barna er hægt að ná betri árangri heldur en ef gripið er inn í þegar barnið er orðið eldra. Samvinna skóla og foreldra skiptir gríðarlega miklu máli þar sem foreldrar eru ekki aðeins áhorfendur heldur bera þeir ábyrgð á málörvun barna sinna. Úrræði fyrir börn sem greinast með málvanda geta verið ólík eftir því hvar á landinu barnið býr. Foreldra þurfa oft á tíðum að ferðast langar leiðir til þess að fá greiningu hjá talmeinafræðing. Það getur bæði verið kostnaðarsamt og tímafrekt. Í Vestmannaeyjum hefur verið biðlisti eftir aðstoð talmeinafræðings þar sem aðeins einn starfandi talmeinafræðingur er á staðnum. Einn er þó betri en enginn því það skiptir miklu máli að hafa starfandi fagaðila á staðnum sem hægt er að leita til. Í dag er einnig hægt að leita faglegrar aðstoðar í gegnum fjarskiptabúnað. Trappa býður upp á faglega aðstoð í gegnum netið og tel ég það skipta gríðalega miklu máli fyrir einstaklinga sem hafa skert aðgengi að talmeinafræðingi eða öðrum fagaðila.

Foreldrar geta stuðlað að betri þroska barna sinna með því að vera stöðugt að virkja málþroska með málörvun. Með bæklingnum vil ég sýna fram á hvað foreldrar geta gert með því námsefni sem gefið hefur verið út af talmeinafræðingum og öðrum fagaðilum. Efnið er fjölbreytt og krefst ekki mikillar fyrirhafnar ef sest er niður með barninu. Að foreldrar og aðrir umönnunaraðilar lesi fyrir börn er gríðarlega mikilvægt þegar að málþroska barna og að foreldrar tali við börnin sín og setji orð á athafnir. Með því er verið að bæta við orðum, víkka orðskilning um leið og samverustundum fjölgar og verða betri. Bæklingurinn er hugsaður fyrir foreldra sem eiga barn með málþroskaröskun eða barn á leikskólaaldri. Börn eru fljót að meðtaka og vilja læra í gegnum leik. Efnið sem ég valdi fyrir bæklinginn er efni sem ég hef notað í mínu starfi með börnum og hefur reynst vel. Efnið í bæklingnum er að mínu mati auðvelt að tileinka sér en um leið er gott að hafa í huga hvað það getur skipt miklu máli að foreldrar gefi sér iðulega tíma til að spjalla við börnin sín.

Heimildaskrá

- American speech-language-hearing association. (e.d.). *Early intervention, what is early intervention?* Sótt af https://www.asha.org/public/speech/Early-Intervention/?fbclid=IwAR1eDm0rOPEAb_Cfz1lmknQ0AL4uLBV9_xkV2I3t92Z5AfJYfOBRaj-680
- Ásthildur Bj. Snorradóttir. (2006). *Bína bálreiða*. Reykjavík: Salka.
- Ásthildur Bj. Snorradóttir. (2007). *Bína fer í leikskóla*. Reykjavík: Salka.
- Ásthildur Bj. Snorradóttir. (2008). *Bína lærir orð, hljóð og starfi*. Reykjavík: Salka.
- Ásthildur Bj. Snorradóttir. (e.d.). *Snemmtæk íhlutun með áherslu á málþroska og læsi*. Sótt af https://mms.is/sites/mms.is/files/snemmtaek_ihlutun-samstarf-1.pdf
- Björk Alfreðsdóttir og Sigrún Grendal. (2005). *Tákn með tali 2*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Bryndís Guðmundsdóttir. (e.d.). *Lærum og leikum með hljóðin*. Sótt af http://laerumogleikum.is/wp-content/uploads/2013/12/LogL_kynning03.pdf
- Eyrún Ísfold Gísladóttir. (2002). *Tákn með tali, ýmsar upplýsingar*. Sótt af <http://tmt.is/forsida.htm>
- Félag talmeinafræðinga á Íslandi. (e.d.). *Um talmeinafræði*. Sótt af <https://www.talmein.is/um-talmeinafraedi/>
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Marta Gall Jörgenson og Þóra Sæunn Úlfadóttir. (2012). *Skýrsla um stöðu barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun*. Reykjavík: Rannsóknarstofa um þroska, mál og læsi. Sótt af <https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/6993/1088.pdf?sequence=1>
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Marta Gall Jörgensen og Þóra Sæunn Úlfadóttir. (2012). *Skýrsla um stöðu barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun: (lögð fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011-2012)*. Sótt af <https://www.althingi.is/altext/140/s/pdf/1088.pdf>
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2015). *Málþroski leikskólabarna - Þróun orðaforða, málfræði og hlustunarskilnings milli fjöggra og fimm ára aldurs*. *Netla*. Sótt af <http://netla.hi.is/?p=3213>
- Ingólfur V. Gíslason. (2008). *Ofbeldi í nánum samböndum*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/ofbeldisbaekur/ofbeldiadalbokin.pdf>

- Lubbi. (e.d.). *Rannsóknir*. Sótt af <http://www.lubbi.is/index.php/rannsoknir>
- Masdottir, T. (2008). *Phonological development and disorders in Icelandic-speaking children* (Doctoral dissertation, University of Newcastle upon Tyne). Sótt af https://www.researchgate.net/profile/Thora_Masdottir/publication/301346205_Phonological_development_and_disorders_in_Icelandic-speaking_children/links/5713afb908aeebe07c0637d1/Phonological-development-and-disorders-in-Icelandic-speaking-children.pdf
- McWilliam, R. A. (2015). Future of early intervention with infants and toddlers for whom typical experiences are not effective. *Remedial and Special Education, 36*(1), 33-38. <https://journals.sagepub.com/doi/full/10.1177/0741932514554105>
- Nutbrown, C., Clough, P., & Atherton, F. (2013). *Inclusion in the early years*. SAGE Publications Limited.
- Paul, R. og Norbury, C. (2012). *Language disorders from infancy through adolescence: Assessment and intervention* (4 útgáfa). St. Louis: Mosby Elsevier.
- Sigríður Lóa Jónsdóttir. (2014). Snemmtæk íhlutun. Í Sigríður Lóa Jónsdóttir og Evald Sæmundsen (ritstjórar). *Litróf einhverfunnar* (bls. 207-225). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sjúkratryggingar Íslands. (2017). *Rammasamningur*. Sótt af <http://www.sjukra.is/media/samningar/Rammasamningur-talmeinafraedinga.pdf>
- Sveinn Tryggvason. (e.d.). *Orðagull*. Sótt af <http://snjallskoli.is/oppin/ordagull/>
- Talmein. (e.d.). Félag talmeinafræðinga á Íslandi. Um talmeinafræði. Sótt af <https://www.talmein.is/um-talmeinafraedi/>
- Tinna Tómasdóttir. (munnleg heimild, 17.október 2018)
- Trappa. (e.d.). Skólastofa tröppu. Sótt af <https://trappa.is/>
- Trappa. (e.d.). Þjónusta og ráðgjöf. Sótt af <https://trappa.is/skolatjonusta/>
- Tryggvi Sigurðsson. (2008). Snemmtæk íhlutun - yfirlit og áherslur. Í Bryndís Halldórsdóttir, Jóna G. Ingólfssdóttir, Stefán J. Hreiðarsson og Tryggvi Sigurðsson (ritstjórar), *Proskahömlun barna. Orsakir - eðli - íhlutun* (bls. 119–125). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Wolcott, C. S. og Williford, A. P. (2015). Teacher and TA ratings of preschoolers' externalizing behavior: Agreement and associations with observed classroom behavior. *Topics in Early Childhood Special Education, 34*(4), 211–222. Sótt af <https://journals.sagepub.com/doi/pdf/10.1177/0271121414546008>